LISTIR

Pétur Gautur: Uppstilling.

Uppboð á verki Péturs Gauts

PÉTUR Gautur er sjöundi listamaðurinn sem sýnir verk sín í Gallerí Landsbankans á netinu. Allir listamenn sem sýna verk sín í Gallerínu gefa eitt verk sem boðið er upp á vefnum og rennur ágóði verksins til góðgerðarmála. Fram til 22. maí mun Pétur Gautur standa fyrir uppboði á málverkinu Uppstilling og rennur upphæð verksins óskipt til Barnaspítala Hringsins, til kaupa á afþreyingarefni fyrir börn. Uppboðið fer fram á landsbanki.is. Þar gefst öllum tækifæri til að senda inn tilboð og fylgjast með þróun uppboðsins.

Uppboðsverk og fleiri verk eftir Pétur Gaut eru til sýnis í húsakynnum Landsbankans á Laugavegi 77 meðan uppboðið fer fram.

Nútímamaðurinn Ásmundur Sveinsson

„HINGAÐ kemur fólk í fötum eftir nýjustu tízku í nýtízkubíl og ég veit það á nýmóðins hús, og það segir við mig: „Ég þoli ekki þessa nýju list. Ég vil sjá eitthvað sem þú gerðir fyrir 40 árum.“ Ég veit ekki til að fólk komi til neinna annarra en listamanna og biðji um fjörutíu ára gamla vöru. Mundi þetta fólk fara inn í rafmagnsverzlun og segja: „Nú þarf ég ljós í stofuna mína, þér eigið víst ekki lýsislampa?“ Nei, þessi hugsunarháttur er andlegt líkþorn.“

Ásmundur Sveinsson (1893–1982) við störf.

Svo mæltist Ásmundi Sveinssyni í viðtalsbók sem Helgafell gaf út um myndhöggvarann 1981, ári fyrir andlát hans.

Í dag, þriðjudag, fagnar Ásmundarsafn, þar sem áður var heimili og vinnustofa listamannsins, 20 ára afmæli með opnun yfirlitssýningar um list Ásmundar. Yfirskrift sýningarinnar er *Nútímamaðurinn*. „Hann var talsmaður tækniframfara, uppbyggingar og mannjöfnuðar. … Titlar eins og Framtíðin, Rafmagn, Í gegnum hljóðmúrinn, Geimdreki, Samhljómur hnattanna og Röntgenminnisvarði bera þessu viðhorfi Ásmundar glöggt vitni; hann hreifst af tækninýjungum og mörg verka hans tengjast framförum á þeim sviðum,“ segir í fréttatilkynningu frá Ásmundarsafni.

Opnar heimili sitt

Á sýningunni verða verk frá öllum ferli Ásmundar, sem varð tæplega níræður, „verkalýðstengdar myndir frá fjórða áratugnum, myndir undir áhrifum kúbisma og síðan verk sem hann leit á sem svar við ógnum stríðsins, eins og *Móðurást*,“ segir Þorbjörg. Til viðbótar þessum verða sérstaklega sýnd örfá þeirra verka sem sködduðust í húsbruna í Fákafeni fyrir tæpu ári og sérfræðingar hafa nú unnið við að lagfæra um hríð.

En að sýna verk listamanns sem lagði svona mikið upp úr kviku samhengi við samtíma og umhverfi, inni á safni, er það ekki misgerð? „Nei,“ segir Þorbjörg, „í fyrsta lagi eru verk Ásmundar úti um allan bæ, en safnið sjálft var líka heimili Ásmundar og vinnustaður hans og hann er í raunninni að opna heimili sitt fyrir gestum – hér inni eru engin helg skrín, engin stofa sem hefur verið fryst eins og listamaðurinn skildi við hana eða þess lags, heldur hefur húsið, sem er eitt af listaverkum Ásmundar, verið lifandi.“

Safnið er opið daglega frá 10–16, frítt inn á mánudögum en annars gilda miðar samdægurs í öll hús Listasafns Reykjavíkur.

Heildarútgáfa á leikritum Guðmundar Steinssonar

Á NÆSTUNNI kemur út hjá Ormstungu heildarútgáfa á leikritum Guðmundar Steinssonar. Verkið er í þremur bindum, alls um 1.400 bls. með fjölmörgum ljósmyndum úr lífi og starfi Guðmundar. Umsjón með útgáfunni hefur Jón Viðar Jónsson, fil. dr., og ritar hann jafnframt ítarlegan inngang.

Guðmundur Steinsson fæddist árið 1925 og lést árið 1996. Leikrit hans Sólarferð og Stundarfriður, urðu vinsæl þegar þau voru frumsýnd fyrir rúmum tveim áratugum á sviði Þjóðleikhússins og Stundarfriður sýndur víða um lönd í kjölfarið.

„Guðmundur var eitt fremsta leikritaskáld Íslands um sína daga og heildarútgáfa á leikritum hans er löngu tímabær,“ segir Gísli Már Gíslason útgáfustjóri. „Hann var höfundur sem þorði að fara eigin leiðir. Þetta rit er heildarsafn leikrita Guðmundar, alls tuttugu og tvö leikrit. Einungis fimm þeirra hafa verið bæði sviðsett og prentuð áður: Þjóðhátíð, Sólarferð, Stundarfriður, Garðveisla og Brúðarmyndin. Birtust tvö þau fyrsttöldu í tímaritinu Lystræninginn (1976–77 og 1981), sem mun nú í fárra höndum, hin þrjú á bók um líkt leyti og þau voru sýnd í Þjóðleikhúsinu. Sjö hafa verið sýnd á sviði, en ekki komið á prent: Forsetaefnið, Fósturmold, Sæluríkið, Skírn, Lúkas, Stakkaskipti og einþáttungurinn Rómeó sem var frumsýndur í Pärnu í Eistlandi árið 1992 en hefur ekki verið sýndur hér á landi til þessa. Níu hafa hvorki verið sviðsett né prentuð áður: Fjölnir, Tvíleikur, Þjóðlíf, Húsið, Sólarpakki, Katthóll, Spegilmyndin, Hjartsláttur og einþáttungurinn Þrætueplið. Lítill einþáttungur, Líftryggingin eða örlög innheimtumannsins, birtist í Félagsbréfi Almenna bókafélagsins árið 1960 og hefur aldrei komið á svið svo vitað sé.

Guðmundur Steinsson

Af tuttugu og tveimur leikverkum ritsins birtast nítján hér á bók í fyrsta sinn, sjö árum eftir fráfall höfundar, og er slíkt einstakur viðburður í íslenskri útgáfusögu. Ritið hefur verið í undirbúningi allt frá haustinu 1995 þegar Guðmundur og Jón Viðar tóku að huga að frágangi leikritanna með mögulega heildarútgáfu fyrir augum. Guðmundi entist ekki aldur til að ljúka þessari vinnu, en Jón Viðar hélt ótrauður áfram með hléum í samráði við ekkju skáldsins, Kristbjörgu Kjeld, og innan fárra vikna lítur verkið dagsins ljós.“

Áhugamönnum og velunnurum íslenskrar bók- og leiklistarmenningar gefst þessa dagana kostur á að eignast þessa útgáfu á kynningarverði og má fræðast meira um það hjá útgefanda eða á vefsíðu hans, www.ormstunga.is.

Í DAG

Eden, Hveragerði Svala Sóleyg Jónsdóttir opnar málverkasýningu með yfirskriftinni Blómaljóð. Sýningin samanstendur af olíumálverkum og vatnslitamyndum. Svala Sóleyg hefur lengi fengist við listsköpun og sótt ýmis myndlistarnámskeið, m.a. í Handíða- og myndlistarskólanum á sinni íð, listadeild FB, sem og fjölmörg önnur námskeið í meðferð ólíu-, akrýl-, pastel- og vatnslita. Einnig hefur hún sótt námskeið í grafík og postulínsmálun. Meðal kennara hennar eru Benedikt Gunnarsson, Hringur Jóhannesson, Sara Vilbergsdóttir, Harpa Björnsdóttir, Einar Garibaldi og Sólrún Björk.
Sýningin stendur til 1. júní og er opin kl. 9–21.

● Sjá einnig Staður og stund á mbl.is

BESTA bónið

BUTCHER'S

High Noon
slitsterka gólfbónið

• Úreþan styrkt gólfbón á öll gólf.
• Frábær ending og góður gljái.
• Viðurkennt á íþróttagólf.

www.besta.is

Nýbýlavegi 18 • 200 Kópavogi • Sími: 510 0000
Brekkustíg 39 • 260 Njarðvík • Sími: 420 0000
Miðási 7 • 700 Egilsstöðum • Sími: 470 0000

BESTA

Alþjóðlegur dagur líffræðilegrar fjölbreytni

Fræðsluráðstefna

Í tilefni af alþjóðlegum degi líffræðilegrar fjölbreytni hinn 22. maí 2003 verður haldin fræðsluráðstefna í Borgartúni 6, Reykjavík, 4. hæð, kl. 14:00–17:00 þann sama dag.

14:00-14:05 Setning, Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra.

I. hluti: Samningur um vernd líffræðilegrar fjölbreytni - hugmyndafræði og framkvæmd.

14.05-14:25 Leikhús þróunarinnar – hvernig verður líffræðileg fjölbreytni til?
Sigurður Snorrason, Háskóla Íslands.

14:25-14:40 Samningur um vernd líffræðilegrar fjölbreytni – forsaga og lagalegar skyldur.
Sigurður Þráinsson, umhverfisráðuneyti.

14:40-14:55 Samningur um vernd líffræðilegrar fjölbreytni – hugmynda- og aðferðafræði.
Jón Gunnar Ottósson, Náttúrufræðistofnun Íslands.

14:55-15:10 Líffræðileg fjölbreytni og ágengar innfluttar tegundir.
Kristín Svavarsdóttir, Landgræðslu ríkisins.

15:10-15:25 Líffræðileg fjölbreytni í landbúnaði – verndun og sjálfbær nýting.
Áslaug Helgadóttir og Emma Eyþórsdóttir, Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

15:25 Kaffihlé

II. hluti: Skráning, flokkun og verndun líffræðilegrar fjölbreytni Íslands

15:55-16:05 Íslenskar vistgerðir.
Sigurður H. Magnússon, Náttúrufræðistofnun Íslands.

16:0516:15 Íslensk stöðuvötn.
Hilmar Malmquist, Náttúrufræðistofu Kópavogs.

16:15-16:25 Botndýr á Íslandsmiðum.
Sigmar A. Steingrímsson, Hafrannsóknastofnuninni.

16:25-16:35 Verndun tegunda – válistar.
Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Náttúrufræðistofnun Íslands.

16:35-16:45 Verndun svæða – náttúruverndaráætlun.
María Harðardóttir, Umhverfisstofnun.

16:45-17:00 Lokaumræður, samantekt og ráðstefnuslit.
Snorri Baldursson, Náttúrufræðistofnun Íslands.

Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur er ókeypis.

Náttúrufræðistofnun Íslands
Umhverfisráðuneytið